

REGLUGERÐ

um geislafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem geislafræðingur hér á landi og kalla sig geislafræðing hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi í geislafræði frá Tækniskóla Íslands. Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið var stundað. Áður en leyfið er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leita umsagnar landlæknis og félags geislafræðinga á Íslandi.

3. gr.

Óheimilt er að ráða til geislafræðingastarfa aðra en geislafræðinga, sem fengið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

4. gr.

Geislafræðingur framkvæmir geislarannsóknir, geislameðferð og aðrar rannsóknir á fólki með myndgerðartækni samkvæmt fyrirmælum og í samráði við lækna.

5. gr.

Geislafræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

6. gr.

Geislafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar í starfi.

7. gr.

Um geislafræðinga gilda að öðru leyti eftir því sem við á ákvæði læknalaga nr. 53/1988, með síðari breytingum, um viðurlög í starfi, sviptingu starfsréttinda og endurveitingu þeirra.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 245/1986, um röntgentækna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um röntgenhjúkrunarfræðinga.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að ráða til geislafræðingsstarfa röntgenhjúkrunarfræðinga sem hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. febrúar 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.